

**Fundargerð 83. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 12. september 2022, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

Umræður um hvernig stýrihópurinn getur sem best sinnt því lögbundna hlutverki að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum.

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Katrín Einarsdóttir (HVIN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Valgerður Rún (sambandinu) og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Í fjarfund:** Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum) Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, mætti 14:10), Hafþór Einarsson (MRN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) sem ritaði fundargerð og Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.

**Fjarverandi:** Andri Júlíusson (UTN), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun).

Formaður setti fund og bauð gesti fundarins, þau Karl Björnsson og Sigríði Elínu Þórðardóttur velkomin.

Í opnun sinni á umræðunni fór formaður m.a. yfir þau verkefni sem tilgreind eru í skipunarbréfi stýrihópsins en þau eru m.a.:

- Vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum.
- Auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála.
- Vinna að því að samhæfa byggðamál að annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera þannig að horft sé til byggðapróunar með heildstæðum hætti.
- Styðja landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð og framkvæmd sóknaráætlana landshluta.
- Vinna með landshlutasamtökum sveitarfélaga að því að sóknaráætlunir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðáætlunar og stuðla að því að fella fleiri viðfangsefni og samninga að sóknaráætlunum.

**Umræður:**

Fundarmenn tjáðu sig almennt um fundarefnið og kom fram sú almenna skoðun að margt hefði áunnist undanfarin ár í því að gera stjórnkerfið meðvitaðra um byggðáhrif stefnumótunar stjórnvalda í einstökum málaflokkum og þeirra aðgerða sem þeim fylgdu. Án þess að um tæmandi upptalningu sé að ræða komu eftirfarandi atriði m.a. fram í umræðunni:

- Rætt um að aðkoma stýrihópsins að sóknaráætlunum landshluta væru meðal stærri verkefna hópsins og að það verkefni hefði reynst vel í að valdefla heimamenn í hverjum landshluta.
- Fulltrúar í stýrihópnum eru einskonar sendiherrar byggðamála í sínum ráðuneytum. Rætt var um að skerpa mætti frekar á hlutverki hópsins gagnvart ráðuneytum.
- Að mati Byggðastofnunar hafa fulltrúar stýrihópsins reynst vel sem tengiliðir inn í ráðuneytin.
- Koma mætti upp sýnilegri framsetningu á stöðu einstakra aðgerða byggðáætlunar en nú er að finna á heimasíðu IRN.
- Sama á við um verkefni sóknaráætlana landshluta, ekki hvað síst áhersluverkefni sem erfitt er að finna upplýsingar um hjá flestum landshlutum. Mikilvægt er að árangur sé sýnilegur til þess að efla megi sóknaráætlunir sem byggðapróunarverkefni.

- Upplýsingar um verkefni sóknaráætlana landshluta og árangur þeirra þarf að vera aðgengilegur. Landshlutasamtökin þurfa almennt að gera betur í að hafa verkefni sýnilega á sínum vefsíðum.
- Finna þarf leið til að auka virkni málaflokksins inn í einstökum ráðuneytum.
- Byggðamálin þurfa að vera á dagskrá allra ráðuneyta líkt og jafnréttismálin. Tengja byggðamál inn í stefnur og áætlanir allra ráðuneyta.
- Kynna þarf betur starf Byggðastofnunar og nýta ýmsar greiningar og fleira við ákvarðanatöku.
- Byggðastofnun er reiðubúin að kynna starf sitt með áherslu á greiningar og utanumhald tölfraeðiupplýsinga fyrir stýrihópnum og ráðuneytum.
- Samningar Byggðastofnunar við landshlutasamtökin um atvinnu- og byggðapróun og samningar um sóknaráætlanir landshluta eru mikilvægir farvegir samstarfs ríkis og sveitarfélaga í byggðamálum.
- Aðferðafræði Brothættra byggða sem byggir á valdeflingu samfélaga hefur reynst vel.
- Aðferðafræði staðarvalsgreiningar sem Byggðastofnun vann fyrir DMR vegna fyrirætlana um sameiningu sýslumannsembætta má þróa sem grunn til ákvarðanatöku á fleiri sviðum.
- Mikilvægt að hafa „byggðagleraugun“ uppi við mat á áhrifum opinberrar stefnumótunar og aðgerða.
- Rætt um þróun „byggðavísitölu“ sem nýta mætti við opinbera stefnumörkun og skilgreiningu byggðaaðgerða á einstökum svæðum.
- Innan FJR eru í raun nokkur byggðateymi og lýsti fulltrúi ráðuneytisins vilja til þess að það kæmi að vinnu við þróun byggðavísitölnnar.
- Minnt á að á að skv. fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun er gert ráð fyrir nokkurri lækkun framlaga til byggðaaætlunar, sóknaráætlana landshluta og atvinnuráðgjafar.
- Sagt frá byggðateymi sem komið hafði verið á fót innan ANR á sínum tíma.
- Rætt um fjölda sjóða og ákveðið flækjustig innan þess kerfis sem kemur að byggða-, atvinnu- og nýsköpunarstuðningi. Mögulega mætti einfalda kerfið með því að fella meira inn í heildarsamninga um byggða- og atvinnuþróun og / eða sóknaráætlanir.
- Fram kom ánægja hjá URN með þá stefnumótun sem unnin hefur verið í landshlutunum og er unnið að því að í samstarfi við landshlutasamtökin að gera viðauka við sóknaráætlanasamninga um verkefni / aðgerðir ráðuneytisins á sviði umhverfis- og loftslagsmála.
- Fram komu óskir um að starf stýrihópsins yrði kynnt sérstaklega í öllum ráðuneytum.
- Rætt var um að fulltrúar ráðuneyta upplýsi stýrihópinn um framgang einstakra aðgerða á byggðaaætlun sem þeirra ráðuneyti bera ábyrgð á. Sem og að upplýsa um önnur byggðatengd verkefni.
- Nýta betur áhersluverkefni sóknaráætlanasvæða til að kynna verkefni fyrir viðkomandi fagraðuneytum í tengslum við staðfestingarferli stýrihópsins.
- Unnið er að því að tilnefna tengiliði innan viðkomandi ábyrgðarráðuneyta vegna aðgerða á byggðaaætlun og er því að ljúka.

Formaður þakkaði góðar og gagnlegar umræður sem hefðu dregið fram mörg atriði sem nýta megi til að efla starf stýrihópsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15